

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi vinnu starfshóps um mótun stefnu gagnvart sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 21. nóvember 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fyrir liggur skýrsla og annað efni frá starfshópi um mótun stefnu Reykjavíkurborgar um aðkomu að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum, sbr. greinargerð starfshópsins til borgarráðs, dags. í október 2022 og bréf starfshópsins til borgarstjórnar, dags. 14. nóvember 2022. Hvernig samrýmist það fyrirmælum um samþykktir skóla- og frístundaráðs að ráðið hafi á engum tímapunkti verið upplýst um vinnu þessa hóps og lokaafurðir hans, sbr. sérstaklega 1. og 15. töluliði 2. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkur? Er það hefðbundið af hálfu borgarráðs að tíðka svona samráðsleysi af þessu tagi um stefnumótun á sviði skóla- og frístundaráðs? Að lokum, hvernig getur það samrýmst eðlilegum starfsháttum við samningu áður nefndrar greinargerðar starfshópsins að lítið sem ekkert samband var haft við Samtök sjálfstæðra skóla, sbr. umsögn þeirra samtaka til borgarráðs, dags. 9. nóvember 2022?

Svar:

Þann 3. febrúar 2022 skipaði borgarstjóri starfshóp um mótun stefnu Reykjavíkurborgar um aðkomu að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum. Erindisbréf hópsins var lagt fram fundi borgarráðs 10. febrúar 2022.

Samkvæmt erindisbréfi hópsins var það hlutverk hans að móta drög að stefnu og tillögum um aðkomu Reykjavíkurborgar þegar kemur að sjálfstætt starfandi leikskólum og grunnskólum, þar sem jafnræði og gegnsæi er haft að leiðarljósi þegar kemur að aðkomu og framlögum Reykjavíkurborgar. Í erindisbréfi er hlutverki og helstu verkefnum lýst.

Starfshópurinn hefur lokið störfum og afhent borgarstjóra skýrslu, dags. í október 2022. Skýrslan var lögð fram á fundi borgarráðs 27. október sl. ásamt bréfi borgarstjóra þar sem lagt var til að ráðið samþykkti tillögur starfshópsins og hefur verið til meðferðar á vettvangi ráðsins.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. júní 2022 var erindisbréf starfshópsins kynnt fyrir ráðinu en á þeim fundi var samþykkt að gera viðauka við samninga Reykjavíkurborgar, sem giltu til 10. og 30. júní 2022, við sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla í Reykjavík með þjónustusamning við skóla- og frístundasvið, þar sem gildistímar samninga verða framlengdir til 31. desember 2022.

Hvað varðar samráð starfshópsins við Samtök sjálfstæðra skóla skal þess getið að haldnir voru tveir fundir með talsmönnum samtakanna auk þess sem fyrir lágu hjá skóla- og frístundasviði upplýsingar um tillögur samtakanna að breytingum sem tekið var tillit til í vinnu starfshópsins.



Borgarráð og borgarstjórn hafa haft skýrslu starfshópsins til meðferðar en í samþykkt skóla- og frístundaráðs, eins og í samþykktum allra fagraða Reykjavíkurborgar, kemur fram strax í 1. gr. að skóla- og frístundaráð starfar í umboði borgarráðs. Er slík málsmeðferð ekki í neinu ósamræmi við gildandi samþykktir enda var starfshópurinn skipaður af borgarstjóra og erindisbréf hópsins lagt fram á vettvangi borgarráðs sem fer bæði með framkvæmda- og fjármálastjórn Reykjavíkurborgar í umboð borgarstjórnar. Einnig má benda á að gert hefur verið ráð fyrir því í meðförum málsins að bæði skýrslan og tillögurnar komi til umfjöllunar á vettvangi skóla- og frístundaráðs.